

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá Margréti Frímansdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:  
3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:  
Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, belta- og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum sem og almenningsvagnar í áætlnaferðum eru undanþegnir skattskyldu.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:  
Lokamálsliður 5. mgr. B-liðar 4. gr. laganna fellur brott.